

Ár 2016, fimmtudaginn 9. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur, Óskari Bergssyni, Svanhildi Kaaber og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða almenna launahækkun til þeirra sem undir kjararáð heyra**

**I.**

Í 10. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Samkvæmt úrskurði gerðardóms samkvæmt lögum nr. 31/2015 um launakjör 18 aðildarféлага í Bandalagi háskólamanna (BHM) hækka laun þeirra um 5,5% frá 1. júní 2016. Að auki er kveðið á um 1,65% framlag til útfærslu menntunarákvæða úrskurðarins og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.

Með hliðsjón af framangreindu ákveður kjararáð að laun skuli hækka eins og í ákvörðunarorði segir.

**II.**

**Ákvörðunarorð**

Laun þeirra sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til skulu hækka um 7,15% frá og með 1. júní 2016.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Óskar Bergsson

---

Svanhildur Kaaber

---

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson